



Til undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.

Efni: Mögulegar leiðir til þess að leiða í ljós staðreyndir málsins.

Af ákvæðum 5. gr. þingskapa og 2. og 3. gr. verklagsreglna undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa leiðir að undirbúningsnefnd og síðar kjörbréfanefnd ber að leitast við að upplýsa málavexti kæra eftir því sem best verður hægt. Áherslan á skriflega gagnaöflun í verklagsreglum nefndarinnar leiðir af því hlutverki þingsins að úrskurða um gildi kosninganna 25. september sl. Er þá byggt á því að einstakir þingmenn geti kynnt sér þær upplýsingar og gögn sem rannsókn undirbúningsnefndar hefur byggt á, svo að þeir geti byggt niðurstöðu sína á málefnalegum sjónarmiðum og lögfræðilegu mati.

Af fyrirliggjandi fundargerð yfirkjörstjórnar NV-kjördæmis og þeim gögnum sem borist hafa, einkum frá landskjörstjórn eftir fund hennar um úthlutun þingsæta 1. október sl., sbr. bókun hennar, má ljóst vera að rannsókn undirbúningsnefndarinnar beinist að því að upplýsa um aðstæður þar sem talning fór fram og um atriði er lúta að störfum yfirkjörstjórna við talningu atkvæða, skv. lögum um kosningar til Alþingis. Er þá einkum horft til tímabilsins frá því að fundi yfirkjörstjórnar var frestað kl. 7:15 að morgni 26. september og þar til fundi var framhaldið kl. 13:00 sama dag.

Nefndin hefur um nokkrar leiðir að velja til þess að afla upplýsinga um atburðarásina og framangreind atriði:

1. Upplýsingar frá lögreglu.

Samkvæmt fréttum liggur fyrir að rannsókn lögreglustjórans á Vesturlandi, í tilefni af kæru KGH, er lokið og að málið sé nú til meðferðar á ákærusviði embættisins. Málið er því enn á viðkvæmu stigi að því er varðar þá aðila sem rannsóknin hefur mögulega tekið til. Gögn og upplýsingar úr lögreglurannsókn, ef aðgengileg eru, geta varpað ljósi á málavexti.

Fyrir liggja drög að spurningum til lögreglustjóra er beinast að því að upplýsa um staðhætti á Hótel Borgarnesi og um atriði sem varða framkvæmd kosningalaga umrætt tímabil og eru málsástæður í framkomnum kærum.

Líta verður svo á að eftirfarandi kostir í 2.–4. lið komi fyrst til skoðunar þegar fullkannað hefur verið hvaða gagna hægt er að afla hjá lögreglu og hvað út af stendur og þarf að afla nánari upplýsinga um.

2. Nefnd þriggja manna.

Til þess að tryggja að upplýsingaöflun og rannsókn á málsatvikum sé sem hlutlægust, má hugsa sér að fengnir yrðu þrír valinkunnir menn, t.a.m. einn til þrír fyrrverandi hæstaréttardómarar eða einn fyrrverandi hæstaréttardómari og tveir úr háskólasamfélaginu. Nefndin mundi fá nauðsynlega aðstoð frá skrifstofunni. Nefndin tæki við þeim gögnum og upplýsingum sem fram eru komnar, þ.m.t. gögnum og svörum frá lögreglu. Nefndin mundi í samráði við undirbúningsnefndina afmarka nánar þau atriði sem þyrfti að upplýsa. Kosturinn er að nefndarmenn hefðu góða þekkingu á réttarfari, hvernig skuli taka skýrslur af mönnum og draga saman upplýsingar úr þeim í skjal sem geymir heildstæða lýsingu á málavöxtum. Slíkt skjal verður þá gagn í málinu sem hægt er að kynna fyrir málsaðilum og þingmönnum þegar kemur að því að úrskurða um gildi kosninganna í NV-kjördæmi. Á hinn bóginn verður jafnframt að hafa í huga að störf nefndarinnar styðjast ekki við beinar lagaheimildir. Hér er þó horft til þeirra sjónarmiða að undirbúningsnefndin getur leitað sér utanaðkomandi ráðgjafar, þ.m.t. að nefndin taki saman skýrslu eftir því sem unnt er.

Sjá má fyrir sér að nefnd valinkunnra manna ræði við hlutaðeigandi í talningarsalnum á Hótel Borgarnesi í nálægð við kjörstjórnarmenn og vettvang málsins. Það ætti að stuðla að því að draga upp rétta lýsingu á málavöxtum.

Í starfsemi þingsins eru fordæmi fyrir því að þingnefndir afli gagna og upplýsinga frá sérfræðingum og leggi sjálfstætt mat á upplýsingar sem þar koma fram. Einnig má nefna að í málum þar sem undirbúin er tillaga um kosningu manns í embætti umboðsmanns Alþingis er skipuð sérstök ráðgjafarnefnd utanaðkomandi sérfræðinga til þess að aðstoða forsætisnefnd við tillögugerðina. Það er hins vegar forsætisnefnd sem ber ábyrgð á málsmeðferðinni og tekur hina endanlegu ákvörðun.

3. Stjórnsýsla þingsins afli upplýsinga og gagna.

Fela má stjórnsýslu þingsins undir stjórn skrifstofustjóra að afla þeirra upplýsinga sem undirbúningsnefndin óskar eftir að aflað verði. Stjórnsýsla þingsins mundi þá fá leiðbeiningar frá undirbúningsnefndinni og eiga samráð við hana um þau atriði sem áhersla væri á að upplýsa. Afmarka ætti slík atriði við upplýsingar sem ekki koma fram í lögreglurannsókninni. Málsmeðferðin yrði að öðru leyti sambærileg þeirri sem rakin er í 2. lið og mundi miða að því að taka saman í eitt skjal lýsingu á málavöxtum byggða á viðtölum við þá einstaklinga sem hefðu vitneskju um málið. Markmiðið er það sama, að tryggja að þingið sjálft hafi sem bestan grundvöll til þess að úrskurða um gildi kosninganna.

Að baki þessari nálgun býr það sjónarmið að málið er í höndum þingsins og það nýtir stjórnsýslu þess til að afla viðeigandi gagna og upplýsinga. Til viðbótar má hugsa sér að skrifstofan hafi sér til aðstoðar sérfræðing sem hefur reynslu af skýrslutökum.

Einnig má hugsa sér að hluti nefndarmanna í undirbúningsnefnd taki þátt í viðtölum og skýrslugerð.

4. Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa.

Þingsköp Alþingis gera ráð fyrir að undirbúningsnefndin undirbúi rannsókn kjörbréfa sem fram fer á kjörfundi. Til þess að rannsaka málavexti getur nefndin byggt á þeim gögnum og upplýsingum sem hægt er að fá úr lögreglurannsókninni. Hún getur jafnframt byggt á upplýsingum sem eftir atvikum væri aflað skv. 2. og 3. lið. Þá getur nefndin aflað skriflegra upplýsinga frá opinberum aðilum og öðrum sem hún telur að veitt geti upplýsingar sem málið varða. Einnig kemur til greina að nefndin afli sjálfstætt gagna og upplýsinga með því að boða til sín einstaklinga á fund til upplýsingagjafar eða farið á Hótel Borgarnes (vettvangsathugun), kynnt sér aðstæður og eftir atvikum haldið nefndarfund með boðuðum gestum.

Verði einstaklingar boðaðir á fund nefndarinnar skiptir máli að slíkt sé vel undirbúið, spurningar séu fyrirfram ákveðnar af nefndinni og útbúið handrit sem fylgja má eftir. Markvissast væri að einum eða tveimur nefndarmönnum væri falið að leiða þær spurningar sem ákveðnar hefðu verið og að fundurinn yrði hljóðritaður. Á grundvelli hljóðritana yrði útbúin samfelld lýsing á málsatvikum og hún síðan borin undir viðmælendur til staðfestingar. Hljóðupptökum yrði síðan eytt þegar Alþingi hefði úrskurðað um gildi kosninganna.

Hér býr að baki það sjónarmið að nefndinni sjálfri hefur verið falið að undirbúa þá rannsókn sem fram fer á þingsetningardegi og að rannsókn hennar eigi að vera milliliðalaus. Áréttu verður að nefndin skal í starfi sínu gæta að hlutlægni og vanda málsmeðferð samkvæmt framansögðu. Þá verður einnig að hafa í huga að munur getur verið á því að nefnd 9–11 manna taki skýrslu af einstaklingi frekar en þau úrræði sem nefnd eru í 2. og 3. lið hér á undan.

Markmiðið er að hægt sé að leggja fyrir Alþingi greinargóða lýsingu á málavöxtum, svo að Alþingi geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt stjórnarskrá að úrskurða um gildi kosninganna.